

SFS2020060248  
R20060218

# Staða kynja- og hinseginfræðslu í skóla- og frístundastarfi SFS

Skýrsla og tillögur starfshóps



Reykjavíkurborg  
Skóla- og frístundasvið



Reykjavíkurborg  
Mannréttinda- og lýðræðisskrifstofa

**Starfshópurinn:**

Bára Katrín Jóhannsdóttir  
Bryndís Ýr Sigurðórsdóttir  
Guðný Maja Riba Pétursdóttir  
Hrefna Þórarinsdóttir  
Katrín Cýrusdóttir  
Kolbrún Hrund Sigurgeirsdóttir  
Sólveig Björg Pálsdóttir  
Svandís Anna Sigurðardóttir

**Skóla- og frístundasvið Reykjavíkur**

**Nóvember 2021**

## Efnisyfirlit

1. Inngangur .....	3
2. Helstu niðurstöður og tillögur.....	4
2.1. Tillögur.....	4
3. Starfshópurinn .....	5
4. Fundir og kynningar .....	6
5. Kynja- og hinseginfræðsla .....	6
5.1. Lagaleg skylda .....	6
5.2. Stefnur Reykjavíkurborgar.....	6
5.3. Skýrslur og rannsóknir .....	7
5.4. Námsefni í kynjafræði og hinseginfræði.....	11
5.5. Aukin kynfræðsla í skóla- og frístundastarfi.....	11
5.6. Fræðsla og stuðningur Reykjavíkurborgar.....	13
5.7. Verkefni og fyrirmyn dir .....	15
6. Könnun.....	16
6.1. Svör við lokuðum spurningum .....	17
6.2. Svör við opnum spurningum .....	18
7. Tillögur starfshópsins.....	21
8. Lokaorð .....	23
Heimildir .....	25
Viðauki 1. Erindisbréf starfshóps.....	26
Viðauki 2. Tillaga frá Flokki fólksins um úttekt á jafnréttisfræðslu í skólum .....	27
Viðauki 3. Tillaga Anniju Keitu Róbertsdóttur, ungmennaráði Breiðholts um fræðslu um þungunarof.....	27
Viðauki 4. Tillaga frá Sósíalistaflokki Íslands um samning við Samtökin '78 .....	27
Viðauki 5. Spurningakönnun til starfsfólks.....	28

## 1. Inngangur

Í 15. grein laga um jafna stöðu og jafnan rétt kynjanna nr. 150/2020 segir

Á öllum skólastigum skulu nemendur hljóta jafnréttis- og kynjafræðslu við hæfi þar sem m.a. er kennt um kynjaðar staðalímyndir, kynbundið náms- og starfsval og málefni fatlaðs fólks og hinsegin fólks.

Einnig kemur fram í sömu grein að öll kennslu- og námsgögn skulu þannig úr garði gerð að kynjum sé ekki mismunað og að í náms- og starfsfræðslu og við ráðgjöf í skólam skuli nemendur hljóta fræðslu og ráðgjöf í tengslum við sömu störf, óháð kyni. Í aðalnámskrá leik- grunn- og framhaldsskóla er jafnrétti talinn einn af grunnþáttum menntunar. Þar segir segir orðrétt:

Jafnréttismenntun vísar í senn til inntaks kennslu, námsaðferða og námsumhverfis. Jafnrétti er regnhlífarhugtak sem nær til margra þátta. Á öllum skólastigum á að fara fram menntun til jafnréttis þar sem fjallað er um hvernig ofangreindir þættir geta skapað mismunun eða forréttindi í lífi fólks.

Auk þess, kemur fram í aðalnámskrá að fræðsluaðilar skulu draga fram stöðu þeirra sem búa við margþætta mismunun og mælt er með að í skólastarfinu sé leitað í þekkingu sem nýjar fræðigreinar hafa lagt til s.s. kynjafræði, hinseginfræði, fjölmenningarfræði og fötlunarfræði. Staðan er þó sú að jafnréttismenntun ekki fengið fastan sess í stundaskrám nemenda líkt og kveðið er á um í aðalnámskrá og lögum um jafna stöðu og jafnan rétt kynjanna.

Þá tóku árið 2019 gildi lög um kynrænt sjálfræði nr. 80/2019 sem gera trans fólk og börnum frá 15 ára aldri kleift að breyta eigin kynskráningu og nafni. 18 mánuðum síðar var innleiddur möguleikinn á kynhlutlausri kynskráningu, möguleikarnir eru nú: Karl, kona, kynsegin/annað. Þar að auki koma lögin í veg fyrir ónauðsynleg inngríp á líkama barna með ódæmigerð kyneinkenni (intersex börnum).

Á sameiginlegum fundi Mannréttinda- nýsköpunar og lýðræðisráðs og Skóla- og fristundaráðs þann 25. Júní 2020 lýstu fulltrúar beggja ráða yfir vilja til að framfylgja áður nefndum lögum enn betur á markvissan hátt í skóla- og fristundastarfi. Að loknu samtali við sérfræðinga borgarinnar um kynja- og hinseginmál var eftirfarandi tillaga samþykkt:

Lagt er til að stofnaður verði starfshópur til þess að skoða hvernig megi auka og efla fræðslu um kynjafræði og hinseginfræði í skóla- og fristundastarfi Reykjavíkurborgar og þjálfun starfsfólks á þeim sviðum. Starfshópurinn leggi mat á núverandi stöðu og móti tillögur til úrbóta. Í hópnum verði verkefnastýra Jafnréttisskólans, sérfræðingar í hinsegin-og jafnréttismálum á mannréttinda- og lýðræðisskrifstofu, fulltrúar stjórnenda og starfsfólks leikskóla, grunnskóla og fristundastarfs og Reykjavíkurráðs ungmenna.

Að hausti sama ár var kallað eftir fulltrúum í starfshópinn og fór fyrsti fundur hópsins fram á Teams þann 8. október. Í þessari skýrslu verður fjallað um stöðu kynja- og hinseginfræðslu í skólakerfinu, farið yfir það námsefni sem í boði er, sagt frá störfum hópsins, m.a. annars könnun sem starfshópurinn sendi út á starfsfólk skóla- og

frístundasviðs (SFS) og helstu niðurstöðum hennar. Að lokum eru tillögur til úrbóta lagðar fram.

## 2. Helstu niðurstöður og tillögur

Störf starfshópsins leiddu það í ljós að íslenskt lagaumhverfi, mannréttindastefna Reykjavíkurborgar og aðalnámskrá styðja öll við og gera kröfur um kynja- og hinseginfræðslu í skóla- og frístundastarfi. Hins vegar er þekking starfsfólks, námsefni og innleiðing (t.d. sambætting og skipulag) á kynja- og hinseginfræði af skornum skammti sem og kerfisbundinn stuðningur. Áhrifin af því að innleiða og taka mið af kynja- og hinseginfræði eru ávallt jákvæð og oft á tíðum mjög afgerandi. Þá skiptir máli að innleiðingen sé með fjölbreyttum hætti á öllum skólastigum og með öllum aldurshópum, þannig að kynja- og hinseginfræði eru sambætt við og snertir á öllu starfi með börnum og ungmennum. Tillögur starfshópsins taka mið af þessu, en þær eru hér útlistaðar í stuttu máli. Nánari skýringu á þeim má finna í kafla 5.

### 2.1. Tillögur

#### 1. Að ráða starfsmann í Jafnréttisskóla Reykjavíkur.

Verkefni jafnréttisskóla Reykjavíkur hafa stækkað og fjölgæð til muna undanfarin ár. Starfsemin hefur þróast með þeim hætti að verkefnin er nú fjölbreyttari, á köflum þyngri og meira krefjandi. Það er því brýn þörf á öðrum starfsmanni til þess verkefnum jafnréttisskólans sé vel sinnt, þ.a.m. innleiðing á kynjafræðslu í skóla- og frístundastarfi.

#### 2. Að ráða starfsmann í hinsegin verkefni á mannréttinda- og lýðræðisskrifstofu.

Verkefni á sviði hinsegin málefna hafa stækkað undanfarin ár og er mikil eftirspurn eftir fræðslu og ráðgjöf, sérstaklega frá skóla- og frístundastarfi borgarinnar. Til þess að mæta þessari eftirspurn er mikil þörf á öðrum starfsmanni sem getur sinnt hinsegin málefnum.

#### 3. Auka vitneskju um líðan hinsegin nemenda í skólum Reykjavíkurborgar.

Mikilvægt er að Reykjavíkurborg geri samning við þá aðila sem annast kannanir í skólakerfinu um að framvegis verði spurt um hinseginleika og að niðurstöður úr þeim verði greindar eftir honum.

#### 4. Tilraunaverkefni um innleiðingu á kynja- og hinseginfræðslu í einum leikskóla, grunnskóla, frístundaheimili og félagsmiðstöð innan sama hverfis.

Ráðinn verður verkefnastjóri til þess að útbúa námskrá og veita starfsfólk og stjórnendum fræðslu, þjálfun og ráðgjöf á sviði kynja- og hinseginfræði í skóla- og frístundastarfi, ásamt því að fylgja innleiðingunni eftir.

#### 5. Skóla- og frístundasvið tekur alfarið að sér rekstur hinsegin félagsmiðstöðvarinnar

Rekstur hinsegin félagsmiðstöðvarinnar verður þannig tryggður og fagmennska aukin þar sem horfið verður frá því að byggja starfið m.a. á sjálfbóðavinnu og verður fagleg aðkoma á sviði hinseginfræða tryggð í gegnum mannréttinda- og lýðræðisskrifstofu Reykjavíkurborgar.

### **3. Starfshópurinn**

Samkvæmt erindisbréfi (sjá viðauka 1) var starfshópnum ætlað að skoða hvernig megi auka og efla kynjafræði og hinseginfræði í skóla- og frístundastarfi í Reykjavík auk þess að leggja fram tillögur til úrbóta varðandi þjálfun og þekkingu starfsfólks á þeim sviðum.

Helstu verkefni sem hópnum var falið að vinna voru að:

- Kortleggja kennsluefni, þekkingu starfsfólks og þarfir er varðar kynja- og hinseginfræði í leik-, grunnskóla og frístundastarfi
- Leggja mat á núverandi stöðu kynja- og hinseginfræðslu í leik-, grunnskóla og frístundastarfi
- Rýna í námsefni og fræðslu á sviði kynja- og hinseginfræða sem stendur starfsfólk til boða og nýtingu á því
- Varpa ljósi á árangursríkar leiðir og verkefni sem unnin hafa verið á sviði kynja- og hinseginfræða
- Leggja fram tillögur til að efla þekkingu starfsfólks á kynja- og hinseginfræðum
- Leggja fram tillögur til að auka kynja- og hinseginfræðslu til barna og unglings

Auk ofangreindra verkefna var þemur tillögum til viðbótar sem snúa að einhverju leyti að kynja- eða hinseginfræðslu vísað til hópsins til skoðunar og frekari úrvinnslu eftir þörfum. Ein tillagan var frá Flokki fólksins um úttekt á jafnréttisfræðslu í skólum (sjá viðauka 2), en hún rímar við störf starfshópsins og er því tekið mið af henni almennt í þessari skýrslu og tillögum hópsins. Önnur tillaga var frá Anniju Keitu Róbertsdóttur, ungmennaráði Breiðholts um fræðslu um þungunarrof (sjá viðauka 3) og er hún ávörpuð í kafla 3.5. í umfjöllun um tillraunaverkefni um kynfræðslu og átakið VikaSex sem snýr að kynfræðslu í skóla- og frístundastarfi. Starfshópurinn var einnig beðinn um að rýna í tillögu frá Sósíalistaþokki Íslands um samning við Samtökin '78 (sjá viðauka 4) og er hún ávörpuð í kafla 3.6. Þar sem fjallað er um hinseginfræðslu innan Reykjavíkurborgar.

#### **Starfshópinn skipuðu:**

- Bára Katrín Jóhannsdóttir, nemi í Sæmundarskóla. Fulltrúi Reykjavíkurráðs ungmenna.
- Bryndís Ýr Sigurþórsdóttir, nemi í Kvennaskólanum í Reykjavík. Fulltrúi Reykjavíkurráðs ungmenna.
- Guðný Maja Riba, kennari í Breiðholtskóla. Fulltrúi grunnskólakennara.
- Hrefna Þórarinsdóttir, forstöðukona í Hinsegin félagsmiðstöð. Fulltrúi frístundasviðs.
- Katrín Cýrusdóttir, skólastýra Húsaskóla. Fulltrúi skólastjóra.
- Kolbrún Hrund Sigurgeirs dóttir, verkefnastýra jafnréttisskóla Reykjavíkur. Formaður hópsins.
- Sólveig Björg Pálsdóttir, leikskólakennari í Laugasól . Fulltrúi leikskólakennara.
- Svandís Anna Sigurðardóttir, sérfræðingur í hinsegin- og jafnréttismálum á Mannréttinda- og lýðræðisskrifstofu. Starfsmaður hópsins.

## 4. Fundir og kynningar

Heimsfaraldur Covid-19 hamlaði hefðbundnum fundarstörfum starfshópsins og gerði starf hans flóknara en ráðgert var. Starfshópurinn fundaði átta sinnum frá 8. október 2020 til 15. mars 2021 en þá hófst vinna við samantekt og skýrslugerð. Allir fundir hópsins fóru fram á rafrænum vettvangi vegna aðstæðna. Hópurinn hittist í raunheimi í fyrsta sinn á lokafundi hópsins þann 02.11.2021, fundirnir voru því níu í heildina. Fulltrúar í hópnum deildu sín á milli reynslu og þekkingu af kynja- og hinseginfræðum og því hvernig unnið er með þá þætti í þeirra umhverfi. Hópurinn fékk kynningu á þeirri fræðslu, ráðgjöf og stuðningi sem annars vegar eru í boði frá sérfræðingi á Mannréttinda- og lýðræðisskrifstofu um hinsegin málefni og frá verkefnastýru Jafnréttiskólans um kynjajafnrétti. Einnig fékk hópurinn kynningu á meistaraverkefni Sóloveigar Bjargar Pálsdóttur sem fjallaði um kynjajafnréttisstarf í leikskólum og á starfsemi Hinsegin félagsmiðstöðvarinnar. Formaður og starfsmaður hópsins funduðu auk þess með Hallgerði Ingu Gestsdóttur sérfræðingi í tölfiræðirannsóknum á Skóla- og frístundasviði en hún aðstoðaði við uppsetningu á spurningakönnun til starfsfólks og sá um að senda könnunina út og taka á móti svörum.

## 5. Kynja- og hinseginfræðsla

### 5.1. Lagaleg skylda

Eins og fram kemur í inngangi eru jafnréttislögin nr. 150/2020 afgerandi þegar kemur að jafnréttis- og kynjafræðslu, en hún skal fara fram á öllum skólastigum og skal jafnframta vera kennt um málefni hinsegin fólks, meðal annars.

Jafnrétti er ein af sex grunnstoðum aðalnámskrár frá árinu 2011. Í henni kemur fram að jafnréttismenntun eigi að fara fram á öllum skólastigum en hún:

...felur í sér gagnrýna skoðun á viðteknum hugmyndum í samfélaginu og stofnunum þess í því augnamiði að kenna börnum og ungmennum að greina þær aðstæður sem leiða til mismununar sumra og forréttinda annarra.

Kynhneigð er meðal þeirra þátta sem nefndir eru undir regnhlífinni jafnrétti. Einnig eru tilgreindar fræðigreinar sem er talið eðlilegt að séu nýttar í skólastarfinu, en meðal þeirra eru hinseginfræði og kynjafræði.

Í 5. gr. laga nr. 80/2019 um kynrænt sjálfraði kemur fram að barn yngra en 15 ára getur með fulltingi forsjáraðila sinna breytt opinberri skráningu kyns síns. 11. gr. a sömu laga bannar ónauðsynleg inngrip í líkama barna sem fæðast með ódæmigerð kyneinkenni. Það gefur augaleið að skólar og önnur úrræði fyrir börn og ungmanni þurfa að vera transvæn og intersexvæn til þess að tryggja stöðu og vellíðan trans og intersex barna.

Þess ber þó að geta að þrátt fyrir þær skyldur sem eru settar á herðar skólakerfisins með ofangreindum lögum og aðalnámskrá felur menntun fagfólks á borð við kennara ekki í sér skyldunámskeið á sviði kynja- eða hinseginfræðslu.

### 5.2. Stefnur Reykjavíkurborgar

Í Menntastefnu Reykjavíkurborgar sem samþykkt var í borgarstjórn 2018 og gildir til ársins 2030 er hvorki að finna orðin kynjafræði, hinseginfræði né jafnrétti. Engu að síður snýst menntastefnan um að láta drauma allra barna rætast og má halda því fram

að slíkt sé ekki unnt í skóla- og frístundastarfí án þess að vinna markvisst að jafnræði allra barna þar sem fjölbreytileikanum er fagnað. Menntastefnan er fyrsta stefnan sem borgin gefur út um skóla- og frístundastarf sem er sameiginleg og nær yfir allt starfssviðið þ.e. leikskóla, grunnskóla, frístundaheimili, félagsmiðstöðvar og skólahljómsveitir. Stefnan byggir á fimm grundvallarpáttum sem eru félagsfærni, sjálfsefling, heilbrigði, sköpun og læsi. Jafnréttisstarf og fræðsla um kynja- og hinseginfræði má með einföldum hætti fella undir alla grundvallarpætti stefnunnar.

Mannréttindastefna Reykjavíkurborgar sem samþykkt var í borgarstjórn árið 2016 byggir á jafnræðisreglunni og miðar að því að allar manneskjur fái notið mannréttinda m.a. án tillits til kyns, kynhneigðar, kynvitundar, kyntjáningar og kyneinkenna. Grein 2.3.2 segir að:

Allt uppeldis- og tómstundastarf, menntun, fræðsla og menningarstarf sem fram fer á ábyrgð Reykjavíkurborgar og stofnana hennar hefur jafna stöðu kynja að leiðarljósi. Hvetja skal börn og unglings til að rækta hæfileika sína og persónuþroska án hamlandi áhrifa hefðbundinna staðalmynnda. Styrkja skal jákvæð samskipti og gagnkvæma virðingu kynja í öllu starfi með börnum og ungmennum. Fræðsluyfirvöld í Reykjavík, svo og stjórnendur félags- og tómstundastarfs, skulu styrkja jákvæða kynímynd og vinna gegn kynbundinni og kynferðislegri áreitni í umhverfi barna og ungs fólks.

Í grein 7.3. er kveðið á um Reykjavíkurborg sem miðstöð þjónustu út frá ofangreindum breytum og í grein 7.3.1. kemur fram að:

Allt uppeldis- og tómstundastarf, menntun og menningarstarf taki mið af því að þáttakendur geti verið hinsegin. Margs konar fjölskyldugerðir á að ræða á opinskáan og fordómalausan hátt. Kennrarar og starfsfólk í skólum, frístundamiðstöðvum og öðru starfi með börnum og ungmennum geri fjölbreytileika mannlífisins sýnilegan í starfi sínu, til að mynda með vali á fræðslu- og afþreyingarefnini sem notað er á öllum skólastigum. Skólastjórnendur og ábyrgðarfólk skóla- og frístundastarfs á vegum borgarinnar á að sjá til þess nemendur hljóti hinsegin fræðslu enda er það stefna borgarinnar að hinsegin fólk njóti virðingar og að um það sé fjallað í samræmi við almennan hluta aðalnámskrár frá árinu 2011.

### 5.3. Skýrslur og rannsóknir

Ýmsar rannsóknir og skýrslur hafa verið gerðar í þeim tilgangi að skoða stöðu jafnréttismála í skólakerfinu. Flestar sýna að mikil tækifæri eru til staðar til að vinna betur að kynjajafnrétti og hinseginmálefnum í skóla- og frístundastarfi. Hér verður í stuttu máli sagt frá nýlegum skýrslum og rannsóknum sem sýna mikilvægi þess að skólakerfið í heild bregðist við og geri betur.

1. Í nýlegri skýrslu um stöðu jafnréttiskennslu í leikskólum á Norðurlöndunum kom fram að þrátt fyrir lagaákvæði, aðalnámskrá, áætlanir og kröfur um jafnréttiskennslu í leikskólum á Íslandi þarf meiri menntun og þekkingu meðal starfsfólks og þarf það meiri stuðning til þess að geta kennit og innleitt kynjajafnréttiskennslu (Alasaari og Sundell, 2021). Niðurstöðurnar sýndu einnig að á Íslandi hafa ýmis verkefni verið fjármögnuð í leikskólum á sviði kynjajafnréttis, en fjárveitingarnar hafa verið tímabundnar og ómarkvissar. Það er þörf á því að vinna að kynjajafnrétti með kerfisbundnum hætti þannig að það skili sér markvisst út í daglegt líf og kennslu. Í skýrslunni voru lögð fram ráð til

þess að bæta kynjafræðslu og jafnrétti í leikskólum, en þau voru að bæta þekkingu starfsfólks og koma þeim í skilning um kynjajafnréttismál; að tryggja öfluga stjórnun og skipulag; að tryggja öfluga löggjöf og aðalnámskrá; að tryggja samvinnu með börnum og forsjáraðilum þeirra; að vinna gegn ofbeldi og áreitni; og að lokum að tryggja varanlegar breytingar þannig að jafnréttismál, -þekking og -kennsla verði sjálfbær. Þegar litið er til þessara ráðlegginga er ljóst að Ísland og Reykjavíkurborg uppfyllir ákveðna þætti, en það er mikið svigrúm fyrir umbætur.

2. Í greininni „„Kannski alltaf svona á bakvið eyrað“: kynjajafnréttismenntun í leikskólum“ (2020) er fjallað um rannsókn sem gerð var í sex leikskólum á höfuðborgarsvæðinu á kynjajafnréttismenntun elstu barna í leikskóla. Í henni kom fram að kynjajafnréttismenntunin væri að miklu leiti ómarkviss og einstaklingsbundin. Það kom einnig fram að leikskólakennararnir töldu vanta fræðslu um efnið og að þekkingarleysi á viðfangsefninu væri helsta ástæðan fyrir óöryggi þeirra í að vinna markvisst með kynjajafnrétti.
3. Í rannsókn Susanne Kreitz -Sandberg frá árinu 2016 var sýnt fram á hvernig markviss innleiðing á kynjafræðihugtökum í kennaramenntun undirbjó kennaranema til þess að starfa með hugtökin þegar út á vettvang var komið. Rannsóknin sýndi fram á hvernig kennaranemar gátu unnið mismunandi verkefni í mismunandi námskeiðum með kynjafræðileg hugtök að leiðarljósi. Niðurstöðurnar sýna hversu miklu máli skiptir að hafa þessa fræðslu markvissa og áframhaldandi.
4. Eygló Árnadóttir (2009) sýndi fram á það í MA ritgerð sinni að þrátt fyrir lagaákvæði um jafnréttisfræðslu í skólakerfinu þá væri henni ekki sinnt markvisst í skólamarkviss í landsins. Niðurstöður rannsóknar hennar sýndu að ósamræmi er á lögum og svo stefnumótun innan skólakerfisins varðandi jafnréttisfræðslu. Stefna um jafnréttisfræðslu er óskýr og það vantar alfarið að tilnefna ábyrgðaraðila. Allir og enginn eiga því að sjá um jafnréttisfræðsluna og fyrir vikið er mikil hætta á því að hún gleymist eða verði afar ómarkviss. Helstu niðurstöður Eyglóar sýndu að áhugaleysi, vanþekking á kynjamálefnum og ótti við femínisma voru helstu ástæður þess að kynjajafnréttisfræðsla skilaði sér ekki til nemenda þrátt fyrir lagaákvæði þess efnis.
5. Í M.Ed rannsókn sinni spurði Dagný Björk Arnljótsdóttir (2017) 334 kennara á landinu öllu um viðhorf þeirra til fræðslu um kynjajafnrétti. Hún fékk svör frá 160 kennurum og helstu niðurstöður bentu til þess að kennarar eru almennt jákvæðir fyrir fræðslu um jafnrétti en orðið kynjajafnrétti þvælist meira fyrir þeim. Þeir kennarar sem tilgreindu sjálfa sig sem femínista voru almennt jákvæðari fyrir því að fræða nemendur um kynjajafnrétti en þeir sem töldu sig frekar vera jafnréttissinna. Aðeins örfáir kennarar sögðust sinna markvissri jafnréttisfræðslu í sínu starfi, langflestir sögðust ræða jafnrétti við nemendur þegar tækifæri gefst, t.d. í tengslum við samfélagsumræðu, á þemadögum eða í átaksverkefnum. Einnig kom í ljós að kennararnir notast ekki mikið við tilbúið kennsluefnin heldur frekar efni á internetinu eða í fjölmöldum. Almennt virðist mikið vanta upp á til að kennarar vinni markvisst með jafnrétti í skólanum.

6. Í rannsókn Rannveigar Ágústu Guðjónsdóttur og Gyðu Margrétar Pétursdóttur (2018) er kynferðiseinelti lýst sem „hvers konar hegðun og orðræða sem á þátt í að fella viðkomandi inn í viðtekinn kvenleika eða karlmennsku og viðheldur þannig andrúmslofti og menningu þar sem kynjamisrétti, fordómar og undirskipun jaðarhópa þrífst“. Druslustimplun og kynferðisleg áreitni eru dæmi um birtingarmyndir kynferðiseineltis. Niðurstöður rannsóknarinnar gefa til kynna að kynjamisrétti í skólamenningu fái ekki sérstaka athygli og að minni líkur séu á að brugðist sé við kynferðiseinelti en annars konar einelti. Höfundar leggja áherslu á mikilvægi þess að vinna markvisst með skólamenninguna í heild til að hægt sé að taka á og fyrirbyggja kynferðiseinelti.
7. Í samantekt af skýrslu Norrænu ráðherranefndarinnar frá 2021 sem ber heitið „Heilsa, líðan og líffskilyrði ungs hinsegin fólks á Norðurlöndunum“ kemur fram að ungt hinsegin fólk býr við verri andlega og líkamlega heilsu en annað, en þættir á borð við þunglyndi, kvíða og streitu leika þar stórt hlutverk. Margar rannsóknir benda til þess að notkun áfengis og vímuefna sé meiri meðal hinsegin fólks og er einnig fjallað um það í skýrslunni hvernig hefðbundin viðmið t.d. í þróttum geta haft áhrif á það hvort hinsegin ungmennum líður vel í slíku samhengi. Bent er á að líðan trans fólks sé oft enn verri en annarra hinsegin hópa. Einnig kemur fram að ungt hinsegin fólk er ekki jafn opið með sína kynhneigð og kynvitund og það myndi vilja vera og að það er sérstaklega viðkvæmt fyrir kynferðislegri áreitni og ofbeldi, sem er sjaldan tilkynnt til lögreglu. Rannsóknir sem er vísað í og fjalla um skólaumhverfið sýna að hinsegin fólk upplifir oftar erfiðleika í skólaumhverfinu en aðrir hópar en þættir á borð við gagnkynhneigð viðmið, einelti og að finna fyrir óöryggi hafa þar áhrif. Þá eru smæð samfélags, fjarlægð við annað hinsegin fólk, íhaldssöm gildi og trúarbrögð nefnd sem þættir sem geta haft neikvæð áhrif á ungt hinsegin fólk og líðan þeirra (sem og afstöðu foreldra þeirra). Þeir hinsegin hópar sem virðast sérstaklega viðkvæmir eru intersex fólk, trans fólk, hinsegin stelpur og tvíkynhneigt fólk (Norræna ráðherranefndin 2021).
8. Niðurstöður úr GLSEN könnun (2020) þar sem hinsegin ungmenni á aldrinum 13-18 voru spurð um upplifun sína af íslensku skólakerfinu sýndu að niðrandi notkun á hinsegin hugtökum var gífurlega algeng og er það er í takti við erlendar kannanir. Það eitt að neikvæð notkun á hugtökum tengdum þessum hópi sé svona útbreidd sýnir að þörf er á inngrípi og breytingum. Helstu niðurstöður sýndu að þriðjungur nemenda greindi frá því að finna til óöryggis í skólanum vegna kynhneigðar sinnar og fimm tungur vegna kyntjáningar. Næstum þriðjungur hinsegin nemenda höfðu verið áreitt munnlega vegna kynhneigðar sinnar og um fjórðungur vegna kyntjáningar. Þá höfðu 12.6% hinsegin nemenda verið áreitt líkamlega vegna kynhneigðar sinnar, 6.2% vegna kyngervis og 5.3% vegna kyntjáningar. Einnig sýndu niðurstöður að starfsfólk sem var stuðningsríkt í garð hinsegin fólks hafði mikil og jákvæð áhrif á upplifun hinsegin nemenda í skólanum. Þá skipti einnig máli fjöldi starfsfólks sem studdi við hinsegin fólk (þ.e. því fleiri, því betra), starfsfólk sem stöðvaði fordómafulla orðanotkun í garð hinsegin fólks og starfsfólk sem ræddi hinsegin málefni í jákvæðu ljósi í kennslu. Hinsegin nemendur sem upplifðu ofantalið voru líklegrar til að segja að samnemendur þeirra væru styðjandi, þeim fannst þau tilheyra skólasamféluginu í meira mæli og voru síður líklegrar til að vera fjarverandi úr skólanum sökum þess að þeir upplifðu sig órugga (GLSEN, 2020).

9. Í greininni „Psychological Well-Being of Sexual Minority Young Adults in Iceland: Assessing Differences by Sexual Attraction and Gender“ (2017) er greint frá niðurstöðum rannsóknar þar sem líðan sam- og tvíkynhneigðra nemenda var borin saman við líðan gagnkynhneigðra nemenda í könnun sem var lögð fyrir íslenska menntaskólanemendur árið 2013 (Youth in Iceland). Skoðað var þunglyndi, reiði og upplifun af streitu og voru niðurstöðurnar greindar eftir kyni. Þær sýndu að sam- og tvíkynhneigð ungmanni, stelpur og strákar, búa við verri líðan en gagnkynhneigð ungmanni. Staða stúlkna var sérstaklega slæm, en bæði sam- og tvíkynhneigðar stúlkur upplifa meiri reiði en gagnkynhneigðar stúlkur, og mældust tvíkynhneigðu stúlkurnar með lang verstu líðanina af öllum hópunum.
10. Árið 2010 var birt greinin „Lífsánægja samkynhneigðra unglings í 10. bekk“, en í henni var sagt frá því að samkynhneigðir unglings mátu lífsánægju sína mun lakari en gagnkynhneigðir jafnaldrar sínir. Þá kom fram kynjamunur í niðurstöðunum, en samkynhneigðir stúlkur mátu lífsánægju sína lægsta.

11. Í handbók fyrir starfsfólk um *Ofbeldi gegn börnum. Hlutverk skóla* (2014) er fjallað um nemendur sem þarfust sérstakrar umhyggju og eru hinsegin börn þar talin upp. Í handbókinni kemur fram að:

Þöggun um samkynhneigð veldur því að hinsegin börn og ungmanni upplifa sig utanveltu og skrítin, skammast sín fyrir kynhneigð sína eða kynvitund sem aftur leiðir til verri sjálfsmyndar og líðanar. Að auki getur þöggunin leitt til eineltis og ofbeldis þegar kynhneigð ungmanni kemur upp á yfirborðið. Þegar þögnin er rofin er of algengt að eingöngu sé fjallað um gagnkynhneigð og samkynhneigð en ekki um annað hinsegin fólk, svo sem transfólk, intersex og pankynhneigða.

Í handbókinni er vísað í rannsóknir Jóns Ingvars Kjarans og Ingólfss Ásgeirssonar (2010) á stofnanabundnum heterósexisma í framhaldsskólum á Íslandi, en helstu niðurstöður þeirra eru að hann sé kerfisbundinn og hluti af menningunni. Þessar niðurstöður sem og sú staðreynd að einungis er fjallað um gagnkynhneigð og samkynhneigð þegar þögnin er rofin koma heim og saman við niðurstöður Sólveigar Rósar Másdóttur (2016). Hún gerði rannsókn sem skoðaði hvort gagnkynhneigð viðmið væru ríkjandi í kynfræðslu í unglingadeildum grunnskóla Reykjavíkurborgar, en niðurstöðurnar sýndu að svo væri og að í þau skipti sem fjallað var um hinsegin fólk eða málefni, var í flestum tilvikum einungis fjallað um samkynhneigð.

Ofangreindar niðurstöður sem og niðurstöður úr erlendum könnununum og rannsónum sýna að þar sem kennarar eru styðjandi við jafnréttismál og hinsegin málefni, þar sem hinsegin fólk er sýnilegt í námsefni, þar sem stefnur skólans gera ráð fyrir hinsegin fólk og banna áreitni og einelti í þeirra garð líður hinsegin börnum og börnum sem eiga hinsegin fjölskyldur betur. Einnig sýna niðurstöður að í slíku „hinseginvænu“ umhverfi líður öllum börnum betur (School Practices to Foster LGBT-Supportive Climate: Associations with Adolescent Bullying Involvement (2017), Are the Kids All Right? The Impact of School Climate among Students with LGBT Parents (2016)).

Ljóst er að mikil tækifæri leynast í skóla- og frístundastarfi til að sinna markvissri fræðslu í kynja- og hinseginfræðum öllum börnum og unglungum til hagsbóta. En það þarf að bæta þekkingu starfsfólks til að festa kynjajafnréttisfræðslu og hinseginfræðslu í sessi í skólakerfinu. Viðhorf stjórnenda og starfsfólks skiptir miklu máli varðandi gæði og magn slíkrar fræðslu. Einnig þarf að taka upp ákveðin vinnubrögð, skipulag og aðgerðir til þess að jafnréttismenntun verði sjálfbær og markviss.

#### 5.4. Námsefni í kynjafræði og hinseginfræði

Þrátt fyrir að jafnrétti sé ein af grunnstoðum menntunar samkvæmt aðalnámskrá og að mannréttindastefna Reykjavíkurborgar kveði á um að nemendur skuli hljóta jafnréttismenntun og þá sérstaklega í kynja- og hinseginfræðslu er námsefni á þeim sviðum af mjög skornum skammti. Víða eru kennarar að finna upp hjólið og nýta sér það efni sem þeir finna til þess að sinna skyldum og mæta þörfum nemenda. Hvergi er hægt að nálgast heildrænt námsefni í kynja- og hinseginfræðum ætlað grunnskólastigi og eru dæmi eru um að kennsla á þeim sviðum sitji á hakanum sökum þess.

Til þess að kortleggja betur það námsefni sem er í boði eða hægt að nýta í kynjafræði og hinseginfræði fyrir börn á leik- og grunnskólaaldri sóttu Svandís Anna Sigurðardóttir og Kolbrún Hrund Sigurgeirs dóttir fyrir hönd starfshópsins um og fengu styrk frá Nýsköpunarsjóði námsmanna vorið 2021. Námsmaðurinn, Bjarklind Björk Gunnarsdóttir, rannsakaði og kortlagði efnivið og námsefni sem er í boði eða þegar notað í kynja- og hinseginfræðslu í grunnskólum, m.a. með gagnaöflun og með því að hafa samband við aðila innan skóla- og frístundasviðs Reykjavíkurborgar. Upplýsingarnar um efnivið voru settar upp á aðgengilegan hátt, flokkaðar eftir kennslustigi og fræðigrein ásamt grundvallarupplýsingum á borð við innihald og efnistök. Námsmaðurinn rannsakaði einnig hvaða efnivið og námsefni skortir og myndi henta á sviði kynja- og hinseginfræðslu í grunnskólum. Afurð verkefnisins er því tvíbætt, annars vegar upplýsingar um efnivið og námsefni á sviði kynja- og hinseginfræðslu og hins vegar yfirferð yfir stöðu mála, kennsluefni og tillögur til úrbóta.

Niðurstöður verkefnisins sýndu að það eru til einhverjar bækur og efni sem tengjast kynja- og/eða hinseginfræði fyrir börn á íslensku og sömuleiðis eitthvað af bókum og efnivið á sama sviði á ensku sem má finna t.d. á Borgarbókasöfnum og mætti nýta í kennslu og störfum með börnum. Þó er ljóst að ekki er um mikið af efni að ræða og er áberandi skortur á efni á sviði hinseginfræða. Sérstakur skortur er svo á *kennsluefni* og á úrvinnslu þess efnis sem hægt er að nýta í bæði kynja- og hinseginfræði, sérstaklega fyrir yngstu börnin. Þegar rýnt var í bækur og annað efni á sviði kynja- og hinseginfræða var sjaldnast um eiginlegt kennsluefni að ræða og fáar kennsluleiðbeiningar, verkefni eða dæmi um notkun á því efni sem þó er til staðar. Á heildina litio leiddi rannsóknin í ljós að það vantar sárlega kennsluefni á sviði kynja- og hinseginfræði fyrir öll skólastig og var helsta tillagan í verkefninu sú að kynna það sem þegar væri hægt að nota í kennslu (sem var tekið saman í skýrslunni) ásamt því að útbúa og gefa út námsefni á þessum sviðum. Skýrsla um verkefnið má finna á vef Reykjavíkurborgar undir *Hinsegin málefni*.<sup>1</sup>

#### 5.5. Aukin kynfræðsla í skóla- og frístundastarfi

Skóla- og frístundaráð samþykkti árið 2018 að setja af stað tilraunaverkefni um kynfræðslu í tveimur grunnskólum borgarinnar, Foldaskóla og Seljaskóla. Verkefnið

<sup>1</sup> Sjá <https://reykjavik.is/hinsegin-malefni-0>

byggir á tillögu starfshóps sem skilaði skýrslu í ársþyrjun 2017. Um er að ræða samstarfsverkefni þar sem kynfræðsla er markviss frá yngsta stigi upp í unglungastig og er fræðslan í höndum kennara, skólahjúkunarfræðings og frístundaráðgjafa (oftast forstöðumanna félagsmiðstöðvanna við skólann) sem koma inn í skólann með fræðslu. Fagaðilarnir skipta á milli sín kennslustundum og áherslupáttum. Þeir árgangar sem fá aukna kynfræðslu fá a.m.k 12 kennslustundir yfir árið og er byggt á hugmyndum um alhliða kynfræðslu og stuðst við áherslupætti sem UNESCO gaf út árið 2018. Þeir áherslupættir eru:

- Samskipti og sambönd
- Gildi, réttindi, menning og kynverund
- Kyn, kynímyndir og kynhlutverk
- Öryggi og ofbeldi
- Færni til heilbrigðis og velferðar
- Mannslíkaminn og þroski
- Kynlíf og kynferðisleg hegðun
- Kynheilsa og frjósemisheilbrigði

Frá því verkefnið hófst hafa Hagaskóli, Réttarholtskóli, Ingunnarskóli og Norðlingaskóli bæst við. Verkefnið er því sem stendur í öllum hverfum borgarinnar og áhuginn á því að fá að taka þátt hefur aukist á meðal stjórnenda og starfsfólks. Markmiðið með verkefninu er að festa alhliða kynfræðslu í sessi strax frá yngsta stigi þar sem stöðugt er byggt ofan á fyrrí þekkingu og stefnt er að því að allir skólar borgarinnar muni taka verkefnið upp á komandi árum. Verkefnastýra Jafnréttisskólans heldur utan um verkefnið ásamt Dagbjörnu Ásbjörnsdóttur.

Eins og kom fram í inngangi þessarar skýrslu þá fékk starfshópurinn tillögu Anniju Keitu Róberts dóttur sem lögð var fram á fundi borgarstjórnar og Reykjavíkurráðs ungmenna í júní 2021 til skoðunar. Tillagan hljóðar svo: *Lagt er til að borgarstjórn samþykki að fela skóla- og frístundaráði að sjá til þess að börn og unglingar á mið- og unglungastigi í grunnskólam í Reykjavík fái fræðslu um þungunarrof eigi síðar en veturinn 2022-2023.*

Í tilraunaverkefni borgarinnar er þegar gert ráð fyrir fræðslu um þungun og þungunarrof fyrir unglungastig. Auk þess ræða skólahjúkunarfræðingar um þungunarrof við alla nemendur í 10. bekk og einnig má finna fræðslu um það í eftirfarandi námsefni frá Menntamálstofnun:

- Í bókinni Mannslíkaminn er fjallað um þungunarrof. Ný prentun kom út árið 2019 og þá var orðalagi í bókinni breytt frá fóstureyðingu í þungunarrof: <https://vefir.mms.is/flettibaekur/namsefni/mannslikaminn/134/>
- [https://vefir.mms.is/flettibaekur/namsefni/kynlif\\_stelpur/](https://vefir.mms.is/flettibaekur/namsefni/kynlif_stelpur/) Til stendur að uppfæra námsefnið um stráka og stelpur og sameina það undir heitinu Kynlíf fyrir alla.
- Kynfræðsluvefurinn – <https://www1.mms.is/kyn/index.php>
- Fjallað um neyðarpilluna <https://www1.mms.is/kyn/varnir.php?id=650>
- Á ferð um samfélagið: [https://vefir.mms.is/flettibaekur/namsefni/a\\_ferd\\_um\\_samfelagid/](https://vefir.mms.is/flettibaekur/namsefni/a_ferd_um_samfelagid/)
- Hér er fjallað um fóstureyðingar [https://vefir.mms.is/flettibaekur/namsefni/a\\_ferd\\_um\\_samfelagid/168/](https://vefir.mms.is/flettibaekur/namsefni/a_ferd_um_samfelagid/168/)

Fræðsla um þungunarrof er því nú þegar í boði fyrir alla á unglungastigi en ekki er til námsefni um það sem ætlað er miðstigi grunnskóla. Mikilvægt er að gæta að réttri örðanotkun. Starfshópurinn vill hvetja starfsstaði SFS til að efla enn frekar alhliða

kynfræðslu og til að taka þátt í tilraunaverkefni borgarinnar, en hann telur ekki ástæðu til að hvetja sérstaklega til fræðslu um þungunarrof fyrir nemendur á miðstigi nema þá samhliða aukinni almennri kynfræðslu.

Auk ofangreinds tilraunaverkefnis stendur Jafnréttisskólinn fyrir árlegu átaki sem kallast VikaSex. Átakið var fyrst haldið í febrúar árið 2020. Um er að ræða hugmynd frá Danmörku sem byggir á því að hvetja alla skóla- og félagsmiðstöðvar til að tileinka sjöttu viku hvers árs kynheilbrigði. Á hverju ári velja unglingsar úr borginni þema og svo er unnið með þemað á fjölbreyttan hátt á starfsstöðunum. Á fyrsta árinu var þemað *Tilfinningar og samskipti* og í ár var þemað *Kynlíf* (hvað, hvernig, hvenær og með hverjum?). Jafnréttisskólinn gefur út veggspjald með fræðslumolum tengdum þemanu, útbýr stutt fræðsluinnslög í samstarfi við UngRÚV, setur fræðslumola á Instagram og hvetur starfsstaðina áfram með hugmyndum og kennsluefni. VikaSex fer vel af stað og í febrúar 2021 tóku allar félagsmiðstöðvar borgarinnar þátt og margir grunnskólar. Fjölbreytt fræðsla fer fram þessa viku en hver starfsstaður útfærir fræðsluna á sinn hátt í samræmi við aldur barnahópsins. Markmiðið er að allir starfsstaðir borgarinnar taki fullan þátt í VikuSex.

## 5.6. Fræðsla og stuðningur Reykjavíkurborgar

Jafnréttisskóli Reykjavíkur er hluti af fagskrifstofu skóla- og frístundasviðs og heyrir undir Nýsköpunarmiðju menntamála. Jafnréttisskólinn hefur verið starfræktur frá árinu 2013 og er verkefnastýra Jafnréttisskólans eini starfsmaðurinn. Frá upphafi hafa tvær verkefnastýrur sinnt starfinu, Auður M. Auðardóttir frá 2013-2015 og Kolbrún H. Sigurgeirs dóttir sem hefur sinnt starfinu síðan í ársþýrjun 2016. Helsta hlutverk verkefnastýru er að veita ráðgjöf, stuðning og fræðslu til stjórnenda, starfsfólks og í sumum tilvikum nemenda og foreldra í skóla- og frístundastarfi um allt sem tengist jafnréttis- og kynheilbrigðismálum. Auk þess sinnir verkefnastýra stefnumótun, situr í ýmsum starfs- og vinnuhópum, heldur úti heimasíðu um jafnréttismál og er tengiliður við fagaðila í jafnréttisfræðum bæði innanlands og erlendis. Verkefnastýra er einnig formaður ráðgjafateymis um kynferðisofbeldi í skóla- og frístundastarfi en það teymi var sett saman þegar fjöldi slíkra mála jókst hratt eftir fyrstu bylgju #metoo. Í teyminu sitja auk verkefnastýru fulltrúar frá öllum þjónustumiðstöðvum borgarinnar og fulltrúi skólaheilsugæslu.

Stjórnendur í skóla- og frístundastarfi geta óskað eftir fræðslu frá verkefnastýru Jafnréttisskólans og er mikið kallað eftir fræðsluerindum á starfsdögum skóla og frístundastarfs og á ýmsum málþingum og ráðstefnum. Árlega eru haldin námskeið á vegum Jafnréttisskólans m.a. á Sumarsmiðjum kennara í ágúst. Verkefnastýra veitir ráðgjöf og stuðning til starfsstaða t.d. þegar upp koma erfið samskiptavandamál, kvenfyrirlitning, fordómar og kynferðisbrotamál og aðstoðar starfsfólk eftir þörfum við að undirbúa jafnréttisstarf með barna og unglingshópum. Starfsfólk getur sótt hugmyndir að kennsluaðferðum og námsefni á heimasíðu Jafnréttisskólans en verið er að vinna að nýrri síðu eftir að fyrri síða, sem kallaðist Jafnréttistorg varð ónothæf vegna tölvuárásar. Nýja síðan mun líta dagsins ljós á skólaárinu 2021-2022.

Mannréttinda- og lýðræðisskrifstofa réði til sín kynjafræðing árið 2017 sem hafði m.a. það verkefni að vinna að hinseginn málefnum. Svandís Anna Sigurðardóttir var ráðin í þá stöðu og er sérfraðingur í kynja- og hinseginn málefnum, en frá ráðningu hefur fjöldi mála og verkefna tengd hinseginn málefnum aukist til muna. Hún hefur sinnt fræðslu og ráðgjöf um hinseginnálefni til starfsstaða skóla- og frístundasviðs sem eftir henni hafa

óskað, en hann hefur einnig boðið upp á fræðslu um hinseginvæna skóla í Sumarsmiðjum kennara s.l. tvö ár. Mannréttinda- og lýðræðisskrifstofa býður einnig upp á Regnbogavottun Reykjavíkurborgar (frá ársbyrjun 2020) sem stendur skólum og frístundamiðstöðvum til boða, sem og öðrum starfsstöðum borgarinnar. Fyrsti grunnskóli Reykjavíkurborgar sem hlaut Regnbogavottun gerði það vorið 2021, en síðan þá hefur beiðnum frá starfsstöðum skóla- og frístundasviðs aukist mikið og fleiri skólar og frístundaúrræði ýmist hlotið vottun eða í bið eftir fræðslu og vottun. Þá heldur mannréttinda- og lýðræðisskrifstofan úti vefsíðum með upplýsingum, gátlistum, stuðningsáætlun og ábendingum um efni varðandi hinsegin börn í skólum (sérstök síða er um trans börn og skólar).

Reykjavíkurborg hefur verið með þjónustusamning við Samtökin '78 (félag hinsegin fólks á Íslandi) til fjölda ára sem hefur kveðið á um fræðslu til fagfólks og nemenda í skólum borgarinnar. Hún hefur ekki verið skylda, heldur er hún í boði fyrir þær stofnanir borgarinnar sem hafa eftir henni kallað. Tölfræði frá samtökunum sýnir að þessi fræðsla hefur fyrst og fremst verið nýtt fyrir nemendur á unglungastigi, þ.e.a.s. þeir hafa helst fengið hinseginfræðslu frá Samtökunum '78, en fagfólk og yngri börn hafa fengið mun minni hinseginfræðslu. Í nýjasta þjónustusamningnum sem gildir til ársloka 2023 varð gerð breyting í þá átt að borgin sinnir nú hinseginfræðslu til fagfólks (með tilkomu sérfræðings í hinsegin málum á mannréttinda- og lýðræðisskrifstofu), en fræðsla til barna helst óbreytt, hún er í boði fyrir börn og ungmenni í leik-, grunnskólum og frístundastarfi borgarinnar og er sinnt af Samtökunum '78. Því til viðbótar sinna Samtökin '78 nú hinseginfræðslu til íþróttafélaga innan ÍBR. Þar með var tekin stefnubreyting í samningnum við samtökin hvað varðar fræðslumál þar sem Reykjavíkurborg sinnir nú sjálf hluta af fræðslunni og getur útfært hana með margvíslegum hætti eftir óskum starfsstaða, m.a. með Regnbogavottun Reykjavíkurborgar.

Í tillögu Sósíalistaflokksins Íslands (viðauki 4) segir:

Lagt er til að Reykjavík geri samning við Samtökin 78 að fyrirmynnd samningsins sem samtökin hafa gert við Hafnarfjörð og Grindavík þar sem allir skólar sveitafélaganna eru skyldug til að fá hinseginfræðslu einu sinni á ári. Þannig að hver einasti nemandi og starfsmaður fái að minnsta kosti lágmarks fræðslu í hinsegin málum.

Eins og fram kemur hér að ofan hefur orðið breyting á samningnum við Samtökin '78. Reykjavíkurborg sinnir nú hinseginfræðslu fyrir starfsfólk og er hún í boði fyrir hverja þá stofnun borgarinnar sem eftir henni óskar. Það er þó hvergi skráð regla að allir skólar fái hinseginfræðslu einu sinni á ári, hvorki fyrir starfsfólk né nemendur. Starfshópurinn tekur undir þessa áherslu í tillöggunni, þ.e.a.s. um að tryggja reglubundna hinseginfræðslu fyrir starfsfólk skóla og nemendur. Í dag er það þó þannig að skólum er það í sjálfsvald sett að ákveða hvort og hversu oft þeir fái slíka fræðslu, og þá einnig fyrir hvaða hópa. Ef breyting á að verða á því þyrfti samtal og ákvörðun um það að eiga sér stað hjá stjórnendum SFS og/eða kjörnum fulltrúum. Starfshópurinn beinir því þeim hluta tillögunnar til þeirra.

Hjá Miðju máls og læsis, sem er hluti af skóla- frístundasviði, starfa brúarsmiðir sem veita ýmiskonar þjónustu sem tengist börnum af erlendum uppruna og fjölskyldum þeirra. Brúarsmiðir veita ráðgjöf og stuðning til stjórnenda, starfsfólks og foreldra auk

þess að halda mörg erindi um kynþáttafordóma, fjölmenningu og brúarsmíði á milli menningarheima og tungumála.

## 5.7. Verkefni og fyrirmyndir

Ýmis þróunarverkefni sem miðað hafa að því að auka jafnrétti í skólaumhverfi barna og unglings hafa verið unnin í nágrannalöndum okkar með góðum árangri. Helsta áhætta slíkra verkefna er þó sú að verkefnið nái ekki fótfestu lengur en á tilraunatíma stendur og eins að verkefnið standi og falli með ákveðnu starfsfólk. Því er mikilvægt að leggja áherslu á að fléttu jafnréttisfræðslu saman við aðrar námsgreinar skólanna, tryggja að allt starfsfólk fái fræðslu um jafnréttismál og veita því í kjölfarið aðgang að vönduðu og markvissu námsefni. Með góðu skipulagi og markvissri innleiðingu er því vel mögulegt að koma kynja- og hinseginfræðslu og vitund inn í menningu skólanna.

Hinsegin félagsmiðstöð Tjarnarinnar og Samtakanna '78 hefur verið rekin sameiginlega af borginni og samtökunum í um 5 ár og hefur hlotið ýmsar viðurkenningar. Félagsmiðstöðin var upphaflega tímabundið verkefni og hefur ætíð verið rekin með fjármagni frá SFS og Samtökunum '78, sem kemur til í gegnum samning þeirra við Reykjavíkurborg. Fjármögnunin hefur þó ekki dugað fyrir öllum rekstrinum og hafa Samtökin '78 einnig lagt til sjálfboðaliða til að starfa í félagsmiðstöðinni. Félagsmiðstöðin hefur verið gífurlega vinsæl og hefur aðsókn í hana margfaldast undanfarin ár, en hana sækja hinsegin ungmanni á aldrinum 13-17 ára, en öll ungmanni eru velkomin óháð hinseginleika. Forstöðukona félagsmiðstöðvarinnar hefur reglulega kynnt starfsemina fyrir öðrum innan borgarinnar, m.a. með því að bjóða til sín starfsfólk úr öðrum félagsmiðstöðvum. Félagsmiðstöðin hefur átt þátt í því að styrkja hinsegin ungmanni, veita þeim öruggt rými og efla félagslega þátttöku þeirra. Undanfarin ár hefur þó verið bent á það að hinsegin félagsmiðstöðin er rekin að hluta til af sjálfboðaliðum, með litlu og ótryggu fjármagni og hefur verið ákall eftir því að borgin taki alfarið yfir reksturinn á henni og festi hana í sessi.

Í verkefninu Lifting limits sem prófað var í fimm grunnskólum í Englandi á skólaárinu 2019-2020 var þess gætt að allt starfsfólk skólanna fengi jafnréttisfræðslu, boðið var upp á vinnustofur fyrir foreldra/forsjáraðila, skipaður var ábyrgðaraðili í hverjum skóla og boðið var upp á gagnreynt kennsluefni sem hægt var að fléttu saman við aðrar námsgreinar. Frá upphafi var haldið þétt utan um öll sem að verkefninu komu og tryggt að vitneskja um verkefnið væri allstaðar hjá öllu starfsfólk, nemendum og forsjáraðilum. Verkefnið var hugsað fyrir nemendur frá 3. til 11 ára og var árangur verkefnisins metinn af utanaðkomandi rannsakanda. Niðurstöður tilraunaverkefnisins sýna að með fræðslu til starfsfólks og markvissri kennslu um kynjajafnrétti til nemenda má mæla mikinn mun á viðhorfi, gagnrýnni hugsun og jafnréttisnæmi bæði barna og fullorðinna. Andrúmsloftið í skólanum varð betra og börn sáu tækifæri sín í lífinu og hæfileika í breiðara ljósi en áður. Frá því verkefnið fór af stað hafa fjölmargir aðrir skólar í Englandi tekið verkefnið upp hjá sér og vinna eftir því í dag.

Árið 2017 var gerð rannsókn sem bar saman stefnur og starfsemi grunnskóla í Minnesota í Bandaríkjunum og skoðaði upplifun nemenda af einelti (óháð hinseginleika) og áreitni tengd hinseginleika í skólunum (Gower, 2017). Skólar sem voru álitnir hinseginvænir/hinseginvænni út frá stefnum sínum og starfsemi voru bornir saman við aðra skóla. Þau atriði sem voru skoðuð til að flokka skóla sem hinseginvæna voru:

- að vera með aðila sem var ábyrgur fyrir hinsegin málefnum nemenda,

- að vera með hinsegin efnivið/kennsluefni,
- að vera með bandalag hinsegin og síð gagnkynhneigðra nemenda (e. Gay straight alliance),
- að ræða hinsegin-tengda einelti við nemendur
- að bjóða starfsfólki upp á fræðslu/bjálfun um hinsegin málefni og skóla
- að bjóða starfsfólki upp á fræðslu/bjálfun um hinsegin nemendur

Niðurstöður sýndu að í þeim skólum sem uppfylltu marga eða alla þessa þætti var minna um einelti, líkamlegt einelti og hinsegin-tengda áreitni samanborið við skóla sem uppfylltu ekki þessa þætti. Þessar niðurstöður áttu við bæði um hinsegin nemendur og þá sem ekki voru hinsegin, sem bendir til þess að hinseginvænir skólar bæta stöðuna fyrir alla nemendur. Því fleiri atriði sem skólar uppfylltu því hinseginvænni voru þeir, enda þarf að tækla einelti og áreitni með ólíkum og margvíslegum aðferðum. Eftir því sem fleiri hinseginvænar aðgerðir og verkefni eru til staðar eru fleiri aðilar innan skólans ábyrgir fyrir þeim. Það leiðir til þess að þeir kynnast málaflokknum, eiga aðild að honum og tala fyrir honum, sem hefur jákvæð áhrif á andrúmsloft skólans. Þó svo að ekki sé um sérstakt kennsluverkefni að ræða er ljóst að hægt er að taka mið af þeim þáttum sem höfðu jákvæð áhrif á skóla og upplifun nemenda í þessari rannsókn.

## 6. Könnun

Til að fá betri yfirsýn yfir stöðu kynja- og hinseginfræðslu í skóla- og frístundastarfi Reykjavíkurborgar útbjó starfshópurinn könnun sem var send á úrtak starfsfólks á skóla- og frístundasviði. Könnunin var á íslensku og ensku og send út í lok mars 2021. Könnunin var opin í two mánuði og voru nokkrar ítrekanir sendar til þátttakenda þar sem svörunin var lítil, en heildarsvörun eftir að könnuninni lauk var aðeins um 28%. Einungis 1093 tóku þátt í könnuninni. Konur voru 84% af þeim og karlar 15%. Langflestir þátttakendur unnu í grunn- eða leikskóla (58% og 32%), 40% störfuðu sem kennrarar. Eftirfarandi tafla sýnir aldursdreifingu þátttakenda:


Hver er aldur þinn?	
18 ára til 25 ára	4,62%
26 ára til 35 ára	21,77%
36 ára til 45 ára	24,13%
46 ára til 55 ára	27,00%
56 ára til 67 ára	21,66%
Eldri en 68 ára	0,82%

Könnunin var þemaskipt og var spurt um þekkingu, starfið, kennsluefni og fræðslu í tengslum við kynja- og hinsegin málefni (sjá viðauka 5).

Helstu niðurstöður voru að meirihluti þátttakenda er jákvæður í garð kynja- og hinseginfræðslu og töldu þörf á slíkri kennslu og umræðum í sínum störfum. Í svörum var ítrekað óskað eftir meiri fræðslu á þessum sviðum til handa starfsfólki. Einnig var kallað eftir kennsluefni og efnivið tengt kynja- og hinseginfræði til að nota í starfi. Þátttakendur sem voru neikvæðir í garð kynja- og hinseginfræði voru í minnihluta, en töldu heilt yfir að kynja- og hinseginfræði væru óþarfi, töldu það ekki vera þeirra starf að fjalla um eða kenna þau, eða töldu þau óviðeigandi yngri börnum. Það mátti greina neikvæðari viðhorf í tengslum við hinseginfræði en kynjafræði.


## 6.1. Svör við lokuðum spurningum

Flestir þátttakendur töldu sig hafa frekar mikla eða hvorki mikla né litla þekkingu á kynjajafnréttismálum, en þeir mátu þekkingu sína minni þegar spurt var um hinsegin málefni (sjá myndir 1 og 2).



Mynd 1


Hve mikla eða litla þekkingu telur þú þig búa yfir um hinsegin málefni?




Mynd 2

Einungis 30% sögðust hafa sótt námskeið sem tengdist kynjajafnréttismálum, og 25% sögðust hafa sótt námskeið tengt hinsegin málefnum. Aðeins 20% þátttakenda sögðu kynjafræði hafa verið í boði í sínu námi, en 14% sagðist hafa tekið áfanga í kynjafræði í sínu námi. Hlutfallið var lægra þegar spurt var um hinseginfræði, en 7% sagði þau hafa verið í boði í sínu námi og 4% sögðust hafa tekið áfanga í hinseginfræði í sínu námi.

46% sögðust hafa fjallað um eða kennt kynjajafnréttismál og/eða kynjafræði á s.l. skólaári en 38% sögðust hafa fjallað um eða kennt hinsegin málefni og/eða hinseginfræði (myndir 3 og 4).



Mynd 3



Mynd 4

Þegar spurt var um notkun starfsfólks á efni til að fjalla um kynjajafnréttismál, kynjafræði, hinsegin málefni og hinseginfræði var ljóst að fáir þátttakendur gripu í kennsluefni eða útgefið efni (13% í tengslum við kynjafræði, 8% í tengslum við hinseginfræði). 16% sögðust nota efni af internetinu bæði í tengslum við kynja- og hinseginfræði, færri notuðu efni úr verkfærakistu Menntastefnu Reykjavíkurborgar og vefinn Jafnréttistorg.is, en 23% sögðust hafa notað annað efni til þess að fjalla um og/eða kenna kynja- og hinseginfræði. Þá sögðust 31% hafa fengið fræðslu frá Jafnréttisskóla Reykjavíkur s.l. þrjú ár, 23% höfðu fengið hinseginfræðslu frá mannréttinda- og lýðræðisskrifstofu og 49% höfðu fengið hinseginfræðslu frá Samtökunum '78 s.l. þrjú ár. Þess má þó geta að í kjölfarið var spurt hvort þátttakendur höfðu fengið fræðslu frá öðrum aðilum (22% svoruðu já) og var þá starfsmaður Jafnréttisskólans oft nefndur, einnig aðrir innan borgarinnar, m.a. starfsmaður mannréttindaskrifstofu, ásamt Samtökunum '78, Karlmannskunni og Hinsegin félagsmiðstöð Tjarnarinnar og S '78. Þá voru einnig samstarfsfólk, aðrir starfsmenn borgarinnar og foreldrar hinsegin barna nefndir sem fræðsluaðilar.

## 6.2. Svör við opnum spurningum

Þegar rýnt var í opin svör kom í ljós að meirihluti þátttakenda var jákvæður í garð kynja- og hinseginfræði á SFS en það voru þó einnig neikvæð svör og viðhorf, þó í talsverðum minnihluta. Hér eftir verður farið yfir svör við opnum spurningum í tengslum við starfið, kennsluefni og fræðslu.

## Starfið

Þegar þáttakendur voru spurðir hvort þeir væru þegar að fjalla um eða kenna börnum eithvað á sviði kynja- eða hinseginfræða töldu margir þáttakendur sig grípa tækifærin og ræða slík málefni við börn og jafnvel passa upp á sýnileika og fyrirmyn dir. Einhverjir svoruðu að þeir væru að vinna með svo ungum börnum og því ætti þetta ekki við, en sumir litu þá svo á að þetta snéri þá meira að þeim sem starfsfólk. Dæmi um svör voru:

- „Ég reyni ávallt að grípa umræðuna þegar eitthvað af ofangreindu sýnir sig. Neikvæð notkun á hugtakinu hommi er algeng því miður.“
- „Gripið tækifæri og rætt við börnin þegar þessar umræður koma náttúrulega í samskiptum þeirra.“
- „ég starfa með 2 ára gömlum börnum og finnst mér kynjajafnréttið aðallega snúa að mér sem kennara, að ég sé meðvituð um að bjóða sama leikefni fyrir bæði kynin og ekki vera að beina þeim í ákveðna átt vegna kyns. Ég er ekki að taka markvissar eða djúpar umræður um kynjahlutverk heldur gæti að minni orðræðu.“

Þau sem svoruðu til um hvernig best væri að auka þekkingu þeirra á kynja- og hinseginfræði og nefndu mjög mörg námskeið og fræðslur, einnig nefndu mörg að það þyrti að útbúa og uppfæra námsefni. Örfáir sögðust ekki vita og enn færri sögðu enga þörf á því að bæta sína þekkingu:

- „Stöðugt aðhald og endurmat á starfsstaðnum ásamt því að fá reglulega fræðslu til þess að viðhalda og endurnýja þekkingu.“
- „Á frekar í vandræðum með að ramma mig inn, vantar gott námsefni.“
- „Myndi svo sannarlega vilja að námskeið í þessum fræðum yrðu skyldufög i skólum og þá þýðir ekki annað en að við fáum fræðslu, fyrirlestra og námskeið OG TILBÚIÐ námsefni og kennslu við að kenna það.“
- „Mér finnst ég ekki þurfa að fræðast um það neitt meira.“

## Kennsluefni

Þegar spurt var um kennsluefni á sviði kynja- og hinseginfræði og þá hvað mætti betur fara var helst kallað eftir:

- meiri fræðslu fyrir starfsfólk í formi fyrirlestra og námskeiða
- námsbókum/verkefnum sem henta ólíkum aldi, sérstaklega fyrir ung börn/þingsta stig og var talað um að hvetja frístundaheimili til að hafa fjölbreyttan efnivið til að leika með
- bókum til að lesa með börnum, sérstaklega fyrir yngri börn, t.d. um fötluð börn og fjölbreyttar fjölskyldur og svo dæmisögur úr íslenskum raunveruleika
- sérhæfðu námsefni sem hentar ólíkum greinum, t.d. efni um jafnréttismál á ensku, dönsku eða tengt listgreinum
- efni á netinu, að bjóða líka upp á gagnvirk efni á netinu. Talað um að það mætti vera enn betri gagnabanki en til er núna
- Myndböndum, bæði fræðslumyndum, stuttum myndböndum og kveikjum. Ljósmyndir væru einnig góðar
- Öðrum efnivið á borð við ljósmyndir, stuttar sögur, klípusögur, verkefnabækur, safn af söngtextum sem geta nýst við kennslu, sterkur gagnabanki sem allir geta notað, skemmtilegt efni
- Fjölbreyttu efni sem hægt er að fléttu inn í aðrar greinar, t.d. spilum, leikjum, púslum og öðrum sem hægt er að nota í ólíkum greinum

- Einföldu og auðskildu efni, mikið kallað eftir myndrænu efni, efni sem hentar þroskaskertu fólk eða fólk með einhverfu

Meðal þess sem þáttakendur sögðu var:

- „*Betri kynning á því efni sem til er*“
- „*Ég held það þurfi sameinaða kennsluskrá sem er fyrir aldur 4-6 ára með námsefni og að þetta sé gert í samráði við foreldra og þeir upplýstir um kynjafræði og hinsegífræði í leiðinni.*“
- „*Gott væri að fá kennslupakka bæði fyrir kennara en kannski líka fyrir náms- og starfsráðgjafa sem gætu farið inn í bekki og frætt og stýrt umræðu.*“
- „*Það getur enginn kennari tekið þá ákvörðun að einn kenna eithvað efni. Kennrarar fylgja árgang, árgangur fylgir stiginu og stigið fylgir stjórnendum. Það þarf þrýsting úr öllum áttum því einn kennari hér og þar breytir ekki kerfinu.*“

Þá voru sumir sem sögðust ekki vita eða töldu sig ekki þurfa efni eða tengdu þetta ekki við starfið sitt. Einnig töldu einhverjir það ekki sitt hlutverk að fræða um kynja- eða hinsegífræði eða að þetta ætti ekki við þar sem börnin væru svo ung, nokkuð sem var nefnt í tengslum við aðra þætti könnunarinnar:

- „*Ætti ekki að vera hlutverk kennara. Sérfræðingar ættu að sjá um slíkt*“
- „*er með 1 árs börn svo þetta á ekki við*“

## Fræðsla

Mjög margir þáttakendur nefndu fræðslu, kennsluefni/efnivið, skipulag og innleiðingu þegar spurt var hvað viðkomandi teldi mikilvægt að leggja áherslu á til að bæta kynjafræði og kynjajafnréttismál:

- „*Síendurtekin fræðsla*“
- „*Halda umræðunni á lofti. Stanslaust. Væri jafnvel til í að sjá verkefnastjóra eða aðila sem sér alfarið um þau málefni.*“
- „*Að skipa fulltrúa innanhúss sem heldur utan um þetta og sér til að hlutirnir gerist.*“
- „*að það sé sett á dagskrá sem námskeið fyrir kennara og svo vissir tímar yfir árið í stundatöflu fyrir nemendur*“
- „*Festa tíma í skipulagi undir slíka fræðslu*“

Nokkur svör voru neikvæð eða báru það með sér að fólk taldi kynjamálefni ekki mikilvægt eða höfðu ekki skilning á þeim, þau voru þó í minnihluta:

- „*nei ekki kynjafræði í leikskóla.*“
- „*Komið nóg*“
- „*Ég kenni einstaklingsmiðað nám sem þýðir að vera einstaklingur ekkert út fyrir það.*“

Þegar spurt var hvað þáttakendur teldu mikilvægt að leggja áherslu á til að bæta hinsegífræðslu og umfjöllun um hinsegín málefni voru mörg svör sambærileg og hér fyrir ofan í tengslum við kynjajafnréttismál, þ.e.a.s. fræðsla, kennsluefni/efniviður, skipulag og innleiðing. Að auki nefndu margir einnig það að bæta þekkingu starfsfólks sem og að fá upplýsingar um hvernig ætti að taka á fordóum og neikvæðri orðræðu um hinsegín fólk:

- „*Ég myndi vilja fá miklu meiri hinsegífræðslu til starfsfólks. Einu sinni á 3 ára fresti er ekki nóg. Kennrarar eru með nemendur af öllum kynjum og kynhneigðum*

*og því mjög mikilvægt að þeir skilji hugtökin sem þeir nota. Ég er auk þess að kenna í unglingsadeild sem er einmitt sá aldur sem margir nemendur byrja að velta því fyrir sér af hvaða kyni/kynhneigð þeir eru. Þeir eru því oft extra viðkvæmir fyrir mistökum af hálfu starfsfólks og það væri hægt að koma í veg fyrir/draga úr fjölda mistaka með nægri fræðslu til starfsfólks skóla.“*

- „Kenna hvernig bregðast skal við þegar börn nota óviðeigandi hugtök og koma með góð dæmi um það hvaða hugtök séu viðeigandi“

Rétt eins og í svörum varðandi kynjafræði og kynjajafnréttismál bar aðeins á neikvæðum svörum í tengslum við hinseginfræðslu og málefni. Þau voru vissulega í minnihluta, en voru samt sem áður fleiri en í tengslum við kynjajafnréttismálin. Þau gáfu til kynna vanþekkingu á hinseginfræði til handa börnum, áhugaleysi og skilningsleysi:

- „Veit ekki. Maður spyr sig hvað hentar ungum börnum?“
- „kindergarten is for children and should serve and help their development kindergarten should not be a place to discuss adult affairs the time will come for that“
- „Það þarf ekki, hér vinnur alls konar fólk og allir vinna saman að einu markmiði“

Helstu niðurstöður við opnu spurningunum voru að það er mikil þörf á fræðslu, en þáttakendur kölluðu eftir henni bæði til að bæta eigin þekkingu en einnig fyrir samstarfsfólk þar sem það skortir þekkingu á kynja- og hinseginfræðum. Þáttakendur nefndu að fræðsla þarf að vera skipulögð og síendurtekin. Svo virðist sem að fólk grípi tækifærið til að ræða og fræða um jafnrétti í starfi sínu þegar það gefst, en það virðist hvorki vera skipulagt né markvisst. Margir hugsa um þessi málefni, en það bar á skorti á greiningu eða þekkingu á kerfislægum hindrunum ásamt ríkjandi orðræðum um kynja og hinsegin málefni hjá sumum. Einnig var mikið fjallað um þörfina á fjölbreyttum efnivið/kennsluefni og að skipulag starfsins þurfi að gera ráð fyrir eða skapa rými fyrir kynja- og hinseginfræðslu.

Svör voru upp til hópa svipuð fyrir spurningar um kynja- og hinseginfræði. Helsti munurinn virtist vera að það er minni þekking á hinsegin málum og meiri þörf á því að taka á neikvæðri orðanotkun í tengslum við þau, en það bar á örlítið neikvæðari viðhorfum í garð hinseginfræða en kynjafræða. Þau sem voru með neikvæð viðhorf í garð kynja- og hinseginfræðslu voru í minnihluta og gáfu sum svör til kynna vanþekkingu á kynja- og hinseginfræði og kerfisbundinni mismunun (eða forréttindum). Á heildina litið má þó sjá mikið ákall starfsfólks eftir fræðslu og kennsluefni/efnivið, stuðningi og rými til þess að koma kynja- og hinseginfræði á dagskrá í skóla- og frístundastarfi. Ef þessum þörfum verður ekki mætt er alls óljóst hvort að nokkur breyting geti orðið á núverandi stöðu kynja- og hinseginfræði í skóla- og frístundastarfi.

## 7. Tillögur starfshópsins

Tillögur starfshópsins taka tillit til niðurstaðna rannsókna sem hér hafa verið raktar, til könnunar starfshópsins og til þeirra þátta sem stjórkerfi Reykjavíkurborgar nær yfir. Þó svo að ákall sé eftir t.d. námsefni og breyttum áherslum í grunnmenntun kennara er ljóst að það er fyrir utan valdsvið borgarinnar. Borgin getur vissulega vakið athygli á því ákalli, en þær tillögur sem hér eru lagðar fram eru allar innan valdsviðs borgarinnar og geta skipt sköpum í því að tryggja raunverulega kynja- og hinseginfræðslu í skóla- og frístundastarfi borgarinnar. Með því að leggja meira fjármagn og meiri áherslu á

kynja- og hinseginfræði í skóla- og frístundastarfi getur Reykjavíkurborg orðið leiðandi á þessu sviði og unnið að því að skapa enn betri menningu, andrúmsloft, námsárangur og líðan barna, óháð kyni og hinseginleika.

### **1. Að ráða starfsmann í Jafnréttisskóla Reykjavíkur.**

Verkefni jafnréttisskóla Reykjavíkur hafa stækkað og hefur þeim fjölgað til muna undan farin ár. Starfsemin hefur þróast með þeim hætti að verkefnin eru nú fjölbreyttari, á köflum þyngri og meira krefjandi, sem dæmi má nefna að verkefnastýra jafnréttisskólans tekur þátt í stefnumótun, situr í fjölmörgum starfshópnum, ráðum og teymum og heldur m.a. úti heimasíðu, fer í fræðslu, kemur að viðkvæmum ofbeldismálum, veitir ráðgjöf og leiðir sértæk verkefni. Verkefnastýra veitir ráðgjöf og tekur þátt í úrvinnslu á flóknum kynferðisbrotamálum sem koma ávallt upp án fyrirvara og krefjast þess að vera sett í algjöran forgang. Ljóst er að störf skólans eru fyrir löngu orðin að meira en eins manns verkefni, enda lýstu núverandi borgarstjórnarflokkar yfir vilja sínum til að efla Jafnréttisskólann í meiri hlutasáttmála sínum. Til þess að standa við það, svara kallinu frá starfsfólk SFS sem kemur fram í ofangreindri könnun sem og að sinna lagalegum skyldum, fara eftir aðalnámskrá og fylgja eigin mannréttindastefnu er nauðsynlegt að styrkja Jafnréttisskólann. Það er því mikil þörf á öðrum starfsmanni til þess verkefnum skólans sé vel sinnt.

### **2. Að ráða starfsmann í hinsegin verkefni á mannréttinda- og lýðræðisskrifstofu**

Árið 2017 var ráðinn starfsmaður á mannréttinda- og lýðræðisskrifstofu sem hafði m.a. það hlutverk að sinna hinsegin málefnum. Þar sem þekking viðkomandi starfsmanns var mikil á því sviði jukust verkefnin og hafa þau stækkað undan farin ár. Í dag er mikil eftirspurn eftir hinseginfræðslu og ráðgjöf úr skóla- og frístundastarfi ásamt almennum upplýsingum um hvernig skal sambætta og koma hinsegin málum inn í kennslu og störf með börnum og ungmennum. Einnig er óskað eftir að komu að viðkvæmum málum, þá sérstaklega er varðar stöðu hinsegin barna sem ýmist njóta ekki stuðnings heima fyrir og/eða eiga erfitt uppdráttar. Þá hafa gátlistar, efnislistar og stuðningsáætlun um hinsegin börn litið dagsins ljós sem þjóna sérstaklega skóla- og frístundasviði. Að auki hefur Regnbogavottun Reykjavíkurborgar verið vinsæl og vel nýtt af öllum sviðum borgarinnar, en um er að ræða umfangsmikið verkefni sem vinnur að því að gera starfssemi, þjónustu og starfsumhverfi borgarinnar hinseginvænni. Nauðsynlegt er að tryggja að heilt stöðugildi sé á bakvið hinsegin málefni, en í dag er það stöðugildi tengt við önnur verkefni mannréttinda- og lýðræðisskrifstofu. Um leið, og til þess að mæta aukinni eftirspurn um hinseginfræðslu og ráðgjöf er brýn þörf á öðrum starfsmanni sem getur sinnt hinsegin málefnum.

### **3. Að auka vitnesku um líðan hinsegin nemenda í skólum Reykjavíkurborgar.**

Hér að ofan hefur verið vitnað í rannsóknir sem sýna að líðan og staða hinsegin barna er verri en annarra barna. Þær niðurstöður eru stöðugar og sláandi og ættu að vera alvarlegt ákall um breytingar og aðgerðir. Til þess að fá enn betri mynd af stöðunni leggur starfshópurinn til að Reykjavíkurborg fái áreiðanlegar og reglulegar upplýsingar um líðan og stöðu hinsegin barna í gegnum þær kannanir sem eru gerðar innan skólakerfisins (sem og annars staðar á vegum borgarinnar). Lagt er til að borgin geri samning við þá aðila sem annast kannanir í skólakerfinu, t.a.m. Rannsóknir og greiningu, um að framvegis verði spurt um hinseginleika í könnunum um líðan og stöðu barna og ungmenna og að niðurstöður úr þeim verði greindar eftir honum.

#### **4. Tilraunaverkefni um innleiðingu á kynja- og hinseginfræðslu í einum leikskóla, grunnskóla, frístundaheimili og félagsmiðstöð innan sama hverfis.**

Starfshópurinn leggur til tilraunaverkefni til þess að gera raunverulega atlögu að því að koma vitneskju, verkfærum og sjálfbærri þekkingu á kynja- og hinseginfræðum inn í skóla- og frístundakerfi borgarinnar. Tilraunaverkefnið felur í sér að ráðinn er verkefnastjóri í tímabundið starf sem veitir starfsfólk og stjórnendum fræðslu, þjálfun og ráðgjöf á sviði kynja- og hinseginfræði í skóla- og frístundastarfi, ásamt því að fylgja henni eftir. Einnig verður unnið með stjórnendum að því að aðlaga kennslu kynja- og hinseginfræða að námskrá og fléttu námsefnið saman við aðrar námsgreinar og annað starf leik- eða grunnskólans, frístundaheimilisins og félagsmiðstöðvarinna.. Verkefnið yrði til tveggja ára með það að markmiði að nýta reynslu og þekkingu sem skapast til að útfæra það á aðra starfsstaði. Fyrra árið færði í undirbúning og skipulagningu verkefnisins ásamt könnun á núverandi þekkingu og starfsemi á sviðinu. Síðari árið færði í raunverulega innleiðingu á þekkingu og verkfærum, ásamt aðstoð og ráðgjöf og eftirfylgni. Verkefnið yrði kynnt að því loknu og árangurinn og framtíð kynja- og hinseginfræða innan SFS metinn í framhaldinu.

#### **5. Skóla- og frístundasvið tekur alfarið að sér rekstur hinsegin félagsmiðstöðvarinna**

Hinsegin félagsmiðstöð Tjarnarinnar og Samtakanna '78 var við stofnun tímabundið verkefni og hefur allar götur síðan verið rekin með ótryggu fjármagni og mikilli aðkomu sjálfboðaliða. Aðsókn í félagsmiðstöðina hefur margfaldast undanfarin ár, hún hefur verð margverðlaunuð og hefur gildi hennar fyrir löngu verið sannað. Starfshópurinn leggur til að skóla- og frístundasvið tryggi rekstur hinsegin félagsmiðstöðvarinna og taki alfarið yfir rekstur hennar, þannig að mönnun sé tryggð í gegnum ráðningar og að stöðugildi þeirra sem að félagsmiðstöðinni koma séu í takti við starfsemina. Um leið verði fagleg nálgun á sviði hinsegin málefna tryggð í samvinnu við mannréttinda- og lýðræðisskrifstofu.

### **8. Lokaorð**

Í skýrslunni er mikið efni tekið til umfjöllunar, svo sem rannsóknir, kannanir og verkefni í öðrum löndum ásamt því að kynja- og hinseginfræði í skóla- og frístundastarfi Reykjavíkurborgar er skoðað. Niðurstöðurnar koma e.t.v. ekki á óvart: það er ekki nægileg þekking á þessu sviði, það er ekki til heildstætt námsefni, það er ekki gert ráð fyrir þessum fögum með formlegum hætti t.d. í skipulagi skólastarfs, og eru jafnréttismál að mestu borin uppi af eldsálum sem ýmist brenna út eða gefast upp. Þegar það gerist hverfur með þeim bæði þekking og drifkraftur.

Góðu fréttirnar eru hins vegar þær að það eru tækifæri til staðar. Með markvissri innleiðingu, sem kallar á kerfisbreytingar, má tryggja kynja- og hinseginfræðslu í öllu skóla- og frístundastarfi borgarinnar. Það breytist þó ekki á svip stundu, heldur þarf góða langtímaáætlun sem nýtur stuðnings stjórnenda, þ.m.t. fjárhagslegs stuðnings, en án hans mun lítið breytast. Ef breytingar eiga að vera á stöðunni þarf að gefa í, með auknu fjármagni og starfsfólk sem starfar á sviði kynja- og hinsegin málefna, ásamt skýrum skilaboðum frá stjórnendum og leiðtogum um stefnuna.

Niðurstöður rannsókna, kannanna og verkefna sýna að það er nauðsynlegt að gera betur og að áhrifin af því eru jákvæð og ótal mörg: bætt líðan og námsárangur nemenda, aukin öryggis tilfinning, minna einelti og ofbeldi (kynferðisofbeldi þ.m.t.) og aukið jafnrétti og stuðningur við fjölbreytileika og almenn mannréttindi. Það er því mikið forvarnargildi fólgioð í því að koma á og tryggja öfluga kynja- og hinseginfræði í skóla- og frístundastarfi og sýnir könnun starfshópsins að starfsfólk borgarinnar er beinlínis að kalla eftir því. Nú er tækifæri til að gera betur.

## Heimildir

Aðalnámskrá grunnskóla. Almennur hluti. (2011). Og greinasvið (2013). Reykjavík: Mennta- og menningarmálaráðuneytið.

Alasaari, Nea og Sundell, Sara (2021). *Ändra föreställningar och bryt traditioner! Kön och jämställdhet i småbarnspedagogiken i Norden*. Nordic Council of Ministers 2021. <http://dx.doi.org/10.6027/temanord2021-536>

Berglind Gísladóttir o.fl. (2017). Psychological Well-Being of Sexual Minority Young Adults in Iceland: Assessing Differences by Sexual Attraction and Gender. *Sex Roles* (2018), 78:822–832.

Dagný Björk Arnljótsdóttir. (2017). Fræðsla, miðlun og viðhorf grunnskólakennara gagnvart kynjajafnréttisfræðslu. M.Ed. Ritgerð, Kennslufræði grunnskóla. Menntavísindasvið, Háskóli Íslands.

Eygló Árnadóttir. (2009). Ekki benda á mig! Um framkvæmd laga um jafnréttisfræðslu í grunnskólum. MA ritgerð. Félagsvísindasvið. Háskóli Íslands.

Gower, Amy o.fl. (2017). School Practices to Foster LGBT-Supportive Climate: Associations with Adolescent Bullying Involvement. *Prevention Science* (2018) 19:813–821.

Guðrún Kristinsdóttir og Nanna Kristín Christiansen (2014). Ofbeldi gegn börnum hlutverk skóla. Handbók fyrir starfsfólk. Námsgagnastofnun.

Norræna ráðherranefndin (2021). Samantekt af skýrslunni: Heilsa, líðan og lífsskilyrði ungs hinsegin fólks á Norðurlöndunum. Rannsóknaryfirlit og kortlagning aðgerða. <http://dx.doi.org/10.6027/temanord2021-530>

Peter, Tracey o.fl. (2016). „Are the Kids All Right? The Impact of School Climate among Students with LGBT Parents“.

Rannveig Ágústa Guðjónsdóttir og Gyða Margrét Pétursdóttir (2018). Kynferðiseinelti og móton kvenleikans í íslenskri skólamenningu. Tímarit um uppeldi og menntun 27(1), 43-64.

Sigrún Sveinbjörnsdóttir o.fl. (2010). Lífsánægja samkynhneigðra unglings í 10. bekk. Sálfræðiritið, 15:23-36.

Sólveig Björg Pálsdóttir og Ingólfur Ásgeir Jóhannesson (2020) „„Kannski alltaf svona á bakvið eyrað“: kynjajafnréttismenntun í leikskólum“.

Sólveig Rós Másdóttir (2015). Typpið mun finna þig: Gagnkynhneigð, grunnskólinn og hinsegin kynfræðsla.

## Viðauki 1. Erindisbréf starfshóps

<b>Heiti starfshóps:</b> Starfshópur um kynja- og hinseginfræðslu í skóla- og frístundastarfi Reykjavíkurborgar
<b>Ábyrgðarmaður:</b> Helgi Grímsson sviðsstjóri SFS
<b>Hlutverk:</b> Að skoða hvernig megi auka og efla kynjafræði og hinseginfræði í skóla- og frístundastarfi í Reykjavík og bæta við þjálfun og þekkingu starfsfólks á þeim sviðum.
<b>Helstu verkefni:</b> <ul style="list-style-type: none"><li>• Kortleggja kennsluefni, þekkingu starfsfólks og þarfir er varðar kynja- og hinseginfræði í leik-, grunnskóla og frístundastarfi</li><li>• Leggja mat á núverandi stöðu kynja- og hinseginfræðslu í leik-, grunnskóla og frístundastarfi</li><li>• Rýna í námsefni og fræðslu á sviði kynja- og hinseginfræðslu sem stendur starfsfólki til boða og nýtingu á því</li><li>• Varpa ljósi á árangursríkar leiðir og verkefni sem unnin hafa verið á sviði kynja- og hinseginfræðslu</li><li>• Leggja fram tillögur til að efla þekkingu starfsfólks á kynja- og hinseginfræðum</li><li>• Leggja fram tillögur til að auka kynja- og hinseginfræðslu til barna og unglings</li></ul>
<b>Fulltrúar í starfshópi:</b> <ul style="list-style-type: none"><li>• Bára Katrín Jóhannsdóttir – Fulltrúi Reykjavíkurráðs ungmenna</li><li>• Bryndís Ýr Sigurbórsdóttir – Fulltrúi Reykjavíkurráðs ungmenna</li><li>• Guðný Maja Riba Pétursdóttir – fulltrúi starfsfólks grunnskóla</li><li>• Hrefna Þórarinsdóttir - fulltrúi stjórnenda og starfsfólks frístundastarfs</li><li>• Katrín Cýrusdóttir – fulltrúi stjórnenda grunnskóla</li><li>• Kolbrún Hrund Sigurgeirs dóttir – verkefnastýra Jafnréttisskóla Rvk. (formaður hóps)</li><li>• Sólveig Björg Pálsdóttir – fulltrúi starfsfólks í leikskóla</li><li>• Svandís Anna Sigurðardóttir – sérfræðingur í hinsegin- og jafnréttismálum á mannréttinda- og lýðræðisskrifstofu (Starfsmaður hóps)</li></ul>
<b>Formaður starfshóps:</b> Kolbrún Hrund Sigurgeirs dóttir
<b>Starfsmaður:</b> Svandís Anna Sigurðardóttir
<b>Ráðgjöf / samstarf:</b> <ul style="list-style-type: none"><li>• Samtökin '78</li><li>• Sérfræðingar í kynjafræðum og hinseginfræðum sem starfshópur telur tilefni til að leita til</li><li>• Aðrir sem starfshópurinn telur tilefni til að leita til</li></ul>
<b>Starfstímabil:</b> Skólaárið 2020-2021
<b>Lokaskil:</b> Skýrslu ásamt tillögum skilað til skóla- og frístundaráðs og mannréttinda, nýsköpunar- og lýðræðisráðs vorið 2021

## Viðauki 2. Tillaga frá Flokki fólksins um úttekt á jafnréttisfræðslu í skólum

### ***Mannréttinda-, nýsköpunar- og lýðræðisráð 28. janúar 2021: Tillaga fulltrúa Flokks fólksins um úttekt á jafnréttisfræðslu í skólum - R21010298***

Tillaga Flokks fólksins að Reykjavíkurborg geri úttekt á jafnréttisfræðslu í skólunum, hvernig henni er háttað og hvernig hún hefur þróast undanfarna áratugi. Allt frá því fyrstu jafnréttislögum voru sett árið 1976 hefur íslenskum skólum verið skyld að fræða nemendur um jafnrétti kynjanna og að undirbúa bæði stráka og stelpur til jafnraðrættöku í fjölskyldu- og atvinnulífi. Þær upplýsingar sem liggja fyrir um viðhorf og þróun jafnréttisfræðslunnar eru fremur fullorðinsmiðaðar. Börn og ungmenni eru að biðja um meiri fræðslu. Fulltrúi Flokks fólksins telur að það myndi vera gagnlegt að kanna nánar hvaða jafnréttisfræðslunni krökkunum og foreldrum þeirra finnst vera gagnleg og góð og hvaða þætti hennar mætti bæta og dýpka og hvaða og hvernig fræðslu hreinlega vantar? Kennrarar hafa verið að fá eitthvað efni sem er afar mikilvægt en þeir gætu án efa þegið meira af góðu efni. Það fræðsluefni sem er þó til þarf vissulega að vera í sifeldri endurskoðun og uppfærslu.

## Viðauki 3. Tillaga Anniju Keitu Róbertsdóttur, ungmannaráði Breiðholts um fræðslu um þungunarrof

### ***Tillaga Anniju Keitu Róbertsdóttur, fulltrúa ungmannaráðs Breiðholts um að börn á miðstigi og unglingsastigi í grunnskólum Reykjavíkur fái fræðslu um þungunarrof***

Á fundi borgarstjórnar og Reykjavíkurráðs ungmenna þann 11. júní 2021 var lögð fram svohljóðandi tillaga Anniju Keitu Róbertsdóttur frá ungmannaráði Breiðholts:

Lagt er til að borgarstjórn samþykki að fela skóla- og frístundaráði að sjá til þess að börn og unglingsar á mið- og unglingsastigi í grunnskólum í Reykjavík fái fræðslu um þungunarrof eigi síðar en veturninn 2022-2023.

## Viðauki 4. Tillaga frá Sósíalistafllokki Íslands um samning við Samtökin '78

### ***Mannréttinda-, nýsköpunar- og lýðræðisráð 28. janúar 2021: Tillaga Sósíalistaflokks Íslands um samning við Samtökin 78 – R21010299***

Lagt er til að Reykjavík geri samning við Samtökin 78 að fyrirmund samningsins sem samtökin hafa gert við Hafnarfjörð og Grindavík þar sem allir skólar sveitafélaganna eru skyldug til að fá hinseginfræðslu einu sinni á ári. Þannig að hver einasti nemandi og starfsmaður fái að minnsta kosti lágmarks fræðslu í hinsegin málum.

## Viðauki 5. Spurningakönnun til starfsfólks

### Bakgrunnur

Hver er aldur þinn?

Hvert er kyn þitt?

Hve lengi hefur þú starfað á núverandi starfsstað?

Hvert er hæsta skólastig sem þú hefur lokið?

Hvaða ár laukstu ofangreindu skólastigi?

Hver er þinn núverandi starfsstaður?

Hvaða aldursbil nemenda starfar þú mest með í þínu starfi?

Hvert er þitt núverandi starfsheiti? (Velja einn möguleika)

Þekking og áfangabátttaka á sviði kynjajafnréttismála og hinsegin málefni

Hve mikla eða litla þekkingu telur þú þig búa yfir á sviði kynjajafnréttismála?

Hve mikla eða litla þekkingu telur þú þig búa yfir um hinsegin málefni?

Hefur þú sótt námskeið sem tengist kynjajafnréttismálum?

Hefur þú sótt námskeið sem tengist hinsegin málefnum?

Var kynjafræði í boði í þínu námi?

Tókstu áfanga í kynjafræði í þínu námi?

Var hinseginfræði í boði í þínu námi?

Tókstu áfanga í hinseginfræði í þínu námi?

### Starfið þitt

Hefur þú fjallað/kennt um kynjajafnréttismál og/eða kynjafræði í þínu starfi með börnum á s.l. skólaári?

Hefur þú fjallað/kennt um hinsegin málefni og/eða hinseginfræði í þínu starfi með börnum á s.l. skólaári?

Hefur þú fjallað um, tekið dæmi um eða kennt börnum um eitthvað af eftirfarandi í þínu starfi? (Merktu við allt sem á við)

- Ólík fjölskylduform, þ.m.t. fjölskyldur þar sem eru tvær mæður eða tveir feður
- Að bleikur sé líka strákalitur
- Konur sem fara inn á hefðbundin karlasvið, svo sem forsetar, forsætisráðherra, í vísindum, í iðngreinum
- Að ofurhetjur séu líka fyrir stelpur
- Að stöðva notkun á hinsegin hugtökum í neikvæðum tilgangi „hommi, hommalegt“
- Að strákar megi líka leika með dúkkur
- Þegar gert er grín að strákum sem hegða sér „kvenlega“
- Að börn ráði því sjálf af hvaða kyni þau eru
- Neikvæðar birtingamyndir kynjanna í auglýsingum eða öðru myndefni
- Að blár sé líka stelpulitur
- Hinsegin hugtök og hvað þau þýða, á borð við samkynhneigð, kynsegin o.fl.

- Karla sem fara inn á hefðbundin kvennasvið, svo sem dansarar, hjúkrunarfræðingar, leikskólakennarar
- Staðalímyndir um hinsegin fólk
- Þegar gert er grín að stelpum sem hegða sér „karlmannlega“
- Þegar sagt er að strákar geti ekki verið í „hlutverkum stúlkna“ t.d. hárgreiðslumenn, prinsessur, pössunarpíur
- Staðalímyndir um stelpur og stráka
- Þegar sagt er að stelpur geti ekki verið í „hlutverkum stráka“ t.d. sem slökkviliðsstjórar, fótboltaleikmenn, ofurhetjur
- Neikvæðar birtingarmyndir kynjanna í námsefni nemenda, bæði í riti og á myndformi

Ef þú hefur fjallað um, tekið dæmi um eða kennt börnum eitthvað annað á sviði kynja- og hinseginfræða en það sem kemur fram hér á undan, getur þú nefnt dæmi um slíkt?

Hvað telur þú best til að auka þekkingu þína á kynjafræði og kynjajafnréttismálum?  
Hvað telur þú best til að auka þekkingu þína á hinseginfræði og hinsegin málefnum?

## Kennsluefni

Hefur þú notað kennsluefni/útgefið efni til að fjalla um kynjajafnréttismál eða kynjafræði?

Hefur þú notað eða kennt efni af internetinu um kynjajafnréttismál eða kynjafræði?

Hefur þú notað efni af verkfærakistu Menntastefnu Reykjavíkurborgar til þess að fjalla um kynjajafnréttismál eða kynjafræði?

Hefur þú notað efni af vefnum Jafnrettistorg.is til þess að fjalla um kynjajafnréttismál eða kynjafræði?

Hefur þú notað kennsluefni/útgefið efni til að fjalla um hinsegin málefni eða hinseginfræði?

Hefur þú notað eða kennt efni af internetinu um hinsegin málefni eða hinseginfræði?

Hefur þú notað efni af verkfærakistu Menntastefnu Reykjavíkurborgar til þess að fjalla um hinsegin málefni eða hinseginfræði?

Hefur þú notað efni af vefnum Jafnrettistorg.is til þess að fjalla um hinsegin málefni eða hinseginfræði?

Hefur þú notað annað efni til þess að fjalla um og/eða kenna kynja- eða hinseginfræði í þínu starfi?

Hvers konar kennslu- og fræðsluefni telur þú að sé þörf á til þess að kynjafræði verði kennd af þér/verði hluti af þínu starfi?

Hvers konar kennslu- og fræðsluefni telur þú að sé þörf á til þess að hinseginfræði verði kennd af þér/verði hluti af þínu starfi?

## Fræðsla

Hvað af eftirfarandi fræðslum hefur þinn starfsstaður fengið á s.l. þremur árum?

- Fræðslu frá Jafnréttisskóla Reykjavíkur?
- Hinseginfræðslu frá mannréttinda- og lýðræðisskrifstofu Reykjavíkur?
- Hinseginfræðslu frá Samtökunum '78?

Hefur þinn starfsstaður fengið kynja- eða hinseginfræðslu frá öðrum aðilum á s.l. þremur árum?

Hvað telur þú mikilvægt að leggja áherslu á til að bæta kynjafræði og kynjajafnréttismál á þínum starfsstað?

Hvað telur þú mikilvægt að leggja áherslu á til að bæta hinseginfræðslu og umfjöllun um hinsegin málefni á þínum starfsstað?

Er eitthvað annað sem þú vilt koma á framfæri um kynja- og/eða hinseginfræðslu í skóla- og frístundastarfi?